

**Nd.**

**455. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913.

Frá minni hlutanum.

Nefnd sú, er kosin var til að athuga þetta frumvarp, hefir ekki getað komið sjer saman. Meiri hlutinn lítur svo á, að okkur skildist, að þessi breyting dragi úr friðun rjúpunnar og telur það illa farið. Einnig að öll fugla-friðunarlögin þurfi að endurskoðast, og að það taki ekki að fara nú að breyta þessum lið sjerstaklega.

Við, sem erum í minni hluta, lítum öðruvisi á þetta. Það sem við teljum aðalgallann á hinu núverandi fyrirkomulagi í lögnum, er að rjúpan er friðuð 7. hvert ár. Okkur er það vel ljóst, að það eru mörg heimili sem hafa mikla atvinnu, og auka mikið lífsframsfærslu sína með rjúpnaveiðum, og þessi atvinnuvegur á þeim tíma árs, sem lítið er um aðra atvinnu, hefir áreið-anlega hjálpað mörgum fátækum manni til að hafa ofan af fyrir sjer og fjöl-skyldu sinni, og þessir menn þurfa eins að lifa 7. árið, eins og hin árin, svo

að þetta fyrirkomulag laganna gerir þessum mönnum stórt tjón og erfiðleika, sem hlýtur því að skapa óánægju og beiska gremju í smærri eða stærri stil. Svo teljum við það mjög athugasvert og jafnvel hættulegt, vegna rjúpnaverslunarinnar út á við, að afnema þessi viðskifti við og við í heilt ár. Og það eru ýmsir kaupmenn og verslunarfróðir menn, sem við höfum átt tal við um þetta atriði, sem lita á þetta alveg með sömu augum og við, telja þessa heftingu á viðskiftasambandi til útlanda, stórhættulega fyrir þessa verslunargrein.

Það er alt annað en að við höfum á móti því, að fuglafriðunarlögin þurfi í heild sinni að endurskoðast og umbætast. En hvenær verður það gert?

Engar líkur, og því síður vissa, að slíkt verði gert í náinni framtíð.

Og við álitum að hjer sje um svo þýðingarmiklar umbætur að ræða, að þær megi ekki dragast vegna slíkrar óvissu.

Þá er að líta á þá ástæðu, hvort og hvað mikið sje verið að rýra friðun rjúpunnar með þessari lagabreytingu.

Samkvæmt frumvarpinu á þingskjali 319, er friðunin aukin alls yfir, því sá tími, sem friðun er aukin á hverju ári, er lengri tími en sem svarar því, að hún sje ófriðuð, þetta 7. hvert ár, eins og hin árin.

En þó sú breytingartillaga sje samþykkt, sem minni hluti nefndarinnar hefir komið fram með, á þingskjali 460, þá er ófriðunin samt mjög litið aukin, svo það hlýtur að vera eitthvað annað, sem háttv. meiri hluti hefir að óttast, sem við því miður ekki getum sjeð.

Við ráðum því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með breytingartillögum á þingskjali 460.

Alþingi 19. ágúst 1915.

Jóhann Eyjólfsson,  
framsögum. minni hlutans.

Bjarni Jónsson,  
frá Vogu.

Björn Hallsson.